

## Innra mat Þjórsárskóla 2017-2018

Unnið af Bolette og Kristínu

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna eftir henni. Tilgangur innra mats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið.

Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er lögð áhersla á að fjölbreytni í námi og kennsluháttum sé undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda. Þetta skólaárið var áherslan í innra mati á útikennslu þar sem við höfum lagt mikla áherslu á skógar – útikennslu árum saman og erum sífellt að þróa þá vinnu.

### **Framkvæmd**

**Foreldrakönnun** – Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi í apríl. Um var að ræða spurningalist, en starfsfólk vann saman að því að búa til spurningarnar.

Heimilin sem eiga börn í skólanum eru 30 en við fengum aðeins svör frá 12 þeirra þó svo að við sendum ítrekað áminningar.

Spurningar fyrir foreldra

1. Hvað finnst ykkur best við skógarferðir?
2. Hafið þið áhuga að verða oftari boðið með?
3. Hvernig upplífið þið skógarferðina hjá börnunum ykkar?
4. Hafið þið kynnt ykkur kennsluaðferðina sem við notum í skóginum?
5. Eruð þið ánægð með kennslufyrirkomulagið sem við notum í skóginum?
6. Þekkið þið námsmarkmiðin sem við uppfyllum í skóginum?
7. Viljið þið hafa fleiri ferðir á ári en við höfum núna?
8. Viljið þið fleiri fréttir af þessari vinnu?
9. Eruð þið með tillögur um eitthvað sem við getum gert betur í skógarvinnunni?
10. Hvaða skoðun hafið þið á útilegunni? og hvað finnst ykkur um að gista eina nótt?

Þeir sem svöruðu sýndu almenna ánægju með fyrirkomulag og skipulag skógarvinnunnar. Það voru ekki allir sem voru með markmiðin sem liggja að baki ferðunum á hreinu og er það eitt að því sem við getum gert betur.

**Nemendakönnun** – Könnunin var lögð fyrir nemendum í 5.-7. bekk skriflega í apríl.

Spurningalisti fyrir nemendur

1. Hvernig liður þér þegar við erum í skóginum?
2. Hvað lærir þú í skóginum?
3. Hvaða verkefnum manst þú eftir í skóginum?
4. Hvort er betra að smyrja nesti sjálf/ur eða að fá það smurt?
5. Finnst þér gott að borða nesti í skýlinu?
6. Er auðvelt að læra nýja hluti í skóginum?
7. Er gaman að keyra í skólabíl inn eftir?

Í hvernig hóp viltu helst vera

- a. Í blönduðum aldurshóp
  - b. Með jafnöldrum ?
8. Finnst þér mátulegar mikið af verkefnum í skóginum?
  9. Finnst þér mátulega mikið af leik í skóginum?
  10. Er eitthvað sem þú vilt gera öðruvísi í skóginum?
  11. Viltu fara oftara eða sjaldnar í skóginn?
  12. Finnst þér gott að vinna úr verkefnum þegar við erum komin heim í skólann?

Útilega

1. Hvernig finnst þér að sofa í tjaldi í skóginum?
2. Líður þér vel í útilegunni?
3. Finnst þér gaman að vinna í skóginum?

Í svörum barnanna kemur fram að þeim líður almennt vel bæði í skógarvinnu og í útilegunni. Lang flestir hafa jákvæða upplifun af útinámi en nokkrir töluðu um að það væri ekki alltaf gaman í að keyra inni í skóg.

**Niðurstöður** – Þó svo að við höfum fengið fá svör frá foreldrum þá eru þeir foreldrar sem svara mjög jákvæðir með útinám, útileguna og skógarkennsluna. Þá kom þar fram að þeir vissu ekki mikið um markmiðin sem liggja af baki ferðunum og er það eitthvað sem við erum strax farin að reyna að breyta. Skipulag og markmið ferða sem farnar voru í skóginn á vordögum voru sýnileg og send foreldrum.

Svör barnanna voru jákvæð. Skemmtilegast fannst okkur að sjá hvað börnin mundu eftir mörgum og fjölbreyttum verkefnum inn í skógi. Greinilegt er að verkefnin höfðu til þeirra og einnig fyrirkomulagið. Þau eru ágægð með að fá að smyrja sjálf nestið sitt og vilja frekar vera í hóp með jafnöldrum sínum.

### **Skólapúlsinn – Niðurstöður vorið 2018**

Skólinn notar Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-12 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur það um 20 mínútur. Könnunin er hluti af innra mati skólans.

Helstu niðurstöður: Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar fyrir skólann. Nemendur eru vel yfir landsmeðaltali í flestum matsþáttum. Eftirfarandi matsþættir eru sérstaklega ánægjulegir fyrir skólann: Ánægja af lestri, þrautsegja í námi, trú á eigin násetu, sjálfsálit, þátttaka nemenda í tímum og samsömun við nemendahópinn. Einnig vellíðan (6,1) og samband nemenda við kennara (6,3). Þessir þættir eru langt yfir landsmeðaltali sem er glæsilegt.

Dæmi um svör nemenda: Það sem er gott við skólann minn

- Allir vinir, ekki skilið útundan
- Fáir krakkar
- Fín skólalóð, skemmtilegir kennarar, skemmtilegir krakkar
- Góðir vinir
- Kennararnir, skólinn sjálfur, virnirnir, skólabílarnir og allt
- Gott hvað það er talað mikið um einelti. Þess vegna er lítið einelti í skólanum okkar. Mér finnst líka gott hvað það er talað mikið um náttúruna og umhverfið.
- Góðir krakkar

Dæmi um svör nemenda: Það sem má betur fara í skólanum mínum

- Eiginlega ekkert
- Meira frelsi
- Meiri enska
- Stundum hávaði
- Stuttar frímínútur
- Barnaleg leiktæki á skólalóð

Þegar niðurstöður Skólapúlsins eru skoðaðar ber þó að hafa í huga smæð skólans og þess vegna eru niðurstöðurnar einungis notaðar til leiðbeiningar um skólastarfið. Niðurstöður innra matsins þetta skólaár hvetja okkur til að halda áfram því góða starfi sem unnið er í skólanum.